

Vestmannaeyjabær
Umhverfis- og skipulagssvið
Skildingavegur 5
900 Vestmannaeyjar

Málsnr.: 201901070
Skjalasafn Vestmannaeyjabæjar

16. JÚNÍ 2020

Bréfalykill: _____

Vestmannaeyjar 16. júní 2020

Efni: Ítrekun á afstöðu vegna auglýstrar deiliskipulagstillögu fyrir athafnasvæðið AT-1

Ég, Ragnar Þór Baldvinsson, kt. 311245-2369, til heimilis að Illugagötu 25 í Vestmannaeyjum og þinglýstur eigandi Norðursunds 7, ítreka afstöðu mína sem fram kom í bréfi, sem ég sendi umhverfis- og skipulagssviði Vestmannaeyjabæjar dags. 26. ágúst 2019, þar sem athugasemdir eru gerðar við við annars vegar fyrirhugaðan nýjan byggingarreit við Heiðarveg 6 og hins vegar stækkun byggingarreits að Vestuvegi 40. Umræddar athugasemdir mínar eru svohljóðandi:

Nýr byggingarreitur við Heiðarveg 6

Nýr fyrirhugaður byggingareitur við Heiðarveg 6 er 54m² að stærð með heimild til að byggja allt að 110 m² á einum eða tveimur hæðum, með 6,9 m hámarkshæð og aðkomu inn á baklóð. Jafnframt er kvöð um sameiginlega aðkomu allra vegfaranda í sundi á milli Græðisbrautar og Heiðarvegar.


Með fyrirhugaðri stækkun á byggingareit við Heiðarveg 6 þá skerðist aðgengi að Norðursundi 7 að sunnanverðu í gegnum sund á milli Græðisbrautar og Heiðarvegar. Suðurhlið Norðursunds 7 er með stórum innkeyrsludryrum og stækkun byggingareits hefur í för með sér takmarkaða aðkomu og nýtingu eignarinnar og þá sérstaklega fyrir aðkomu stærri farartækja þar sem að sundið er frekar þröngt.

Nái auglýst deiliskipulagstillaga fram að ganga þá áskil ég mér rétt til að krefjast bóta þar sem skipulagið skerðir verðmæti fasteignar minnar.

Stækkun byggingarreits að Vestuvegi 40

Jafnframt geri ég athugasemd við fyrirhugaða stækkun byggingarreits að Vesturvegi 40 til norðurs um 155 m² og breytingu á innkeyrslu inn á lóð í gegnum sundið á milli Græðisbrautar og Heiðarvegar. Kemur umrædd breyting til með að minnka til muna aðkomu að húsinu við Norðursund 7 og skerða athafnasvæði við það. Ljóst er að farartæki, vinnutæki, gámar og annað sambærilegt hamlar aðgengi að Norðursundi 7 samhliða fyrirhugaðri stækkun byggingareits að Vesturvegi 40.

Ekki verður annað séð en að báðar umræddar breytingartillögur komi til með að minnka verðmæti eignar minnar við Norðursund 7, skerða til muna nýtingu eignarinnar og eðlilegt aðgengi að húsinu sunnan megin við það.



Ragnar Þór Baldvinsson